

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Halldóru Mogensen  
um rekstrarkostnað Sjúkratrygginga Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver var rekstrarkostnaður Sjúkratrygginga Íslands árin 2010–2013 og hver er áætlaður rekstrarkostnaður árin 2014 og 2015?*

Rekstrarkostnað Sjúkratrygginga Íslands árin 2010–2013 á verðlagi hvers árs má sjá í töflu 1.<sup>1</sup>

**Tafla 1. Rekstrarkostnaður Sjúkratrygginga Íslands 2010–2013 (millj. kr.).**

Sjúkratryggingar Íslands	Reikningur 2010	Reikningur 2011	Reikningur 2012	Reikningur 2013
Laun og launatengd gjöld .....	563,2	590,5	640,5	655,3
Annar rekstrarkostnaður .....	499,7	508,6	507,5	553,5
Eignakaup .....	10,0	2,1	11,5	16,2
<b>Samtals gjöld .....</b>	<b>1.072,9</b>	<b>1.101,1</b>	<b>1.159,5</b>	<b>1.225,0</b>
Sértekjur .....	588,4	616,8	688,9	709,2
<b>Gjöld að frádregnum tekjum .....</b>	<b>484,6</b>	<b>484,3</b>	<b>470,5</b>	<b>515,7</b>
Ríkisframlag .....	492,1	451,0	488,2	508,2
Tekjuafgangur/-halli .....	7,5	-33,3	17,7	-7,5
Höfuðstóll í lok árs .....	40,4	7,0	24,7	17,2

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir fjárheimildir Sjúkratrygginga Íslands 2014 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 á verðlagi hvors árs. Aukning milli ára liggur í launa- og verðlagsbótum.

**Tafla 2. Fjárheimildir Sjúkratrygginga Íslands 2014 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 (millj. kr.).**

Sjúkratryggingar Íslands	Fjárheimildir 2014	Frumvarp 2015
Laun og launatengd gjöld .....	652,1	682,5
Annar rekstrarkostnaður .....	539,3	534,1
<b>Samtals gjöld .....</b>	<b>1.191,4</b>	<b>1.216,6</b>
Sértekjur .....	670,9	686,3
<b>Ríkisframlag .....</b>	<b>520,5</b>	<b>530,3</b>

<sup>1</sup> <http://www.sjukra.is/um-okkur/fraedsla/stadtolur/>.

Samkvæmt spá Sjúkratrygginga Íslands er áætlað að rekstur ársins 2014 verði um 34 millj. kr. umfram fjárheimildir í árslok 2014 að teknu tilliti til fluttra heimilda frá fyrra ári og sérstakrar fjárveitingar vegna bókunar með kjarasamningi SFR.